

Þó öðruvísi hefði honum mælst nú, hefði hann átt að segja álit sitt í fyrsta skifti um þá bók, ef að líkum má dæma.

En allmögur ár eru nú síðan það var. Ljóð Þorsteins hafa verið endurprentuð. Og nú ekki alls fyrir löngu kemur ritdómur um kvæðin og skáldið í Eimreiðinni — þessa nýju úgáfu —, er fæsta mun nokkuð furða á. Ber mest til þess, fyrir þá skuld, að ritdómarinn, Sigurður Guðmundsson, hefir til þess, í því er hann hefir ritað, virzt vera náskildur Þorsteini í flestum skoðunum, og hefði því átt að kunna með bók hans að fara og skilja öðrum betur, hvað skáldið segir. Því hann er alkunnur að frjálslyndi og bersögli. Er svo að sjá, sem ritd. hafi sést yfir með boðskap skáldsins, er hann fullyrðir, að vinsældir Þorsteini allar frá því, hve laglegur og ramíslenzkur rímmari hann sé. Hann líkir honum við Sigurð Breiðljörð, og telur þá skyldasta allra. Annar er bónadamaður, hinn háskólamaður, að öðru leyti fellur andi þeirra að sömu sýnum.

Hver maður hlýtur að sjá, að hér er tvennu ruglað saman, efni og kveðanda. Ritd. telur Þorsteini. Þann allra tilkomumesta *vísna*-höfund þessara tíma, eins og Sigurður var á sinni tíð. En svo er vísnakveðandinn ekkert nema búningur hinna ólíku hugmynda þessara tveggja skálða. Er það nokkuð hjá Sigurði, er stingur í stúf við skoðanir, hugsunarhátt og orðfæri aldarinnar hans? Eru nokkrar mannlíffsskoðanir Sigurðar sama eðlis og Þorsteins? Er guðfræðin þeirra eins, kyrkjutrúin, konungstil-beiðslan? Hitt er annað mál, þótt Þorsteini renni til rifja meðferdin á Sigurði, og hann kveði hlýlega til hans. Oss finnst mikla fremur, að Þorsteinn sverji sig í ætt Halldórs Snorrasonar, þegar um kóngadýrðina er að ræða, hvort heldur vér lítum í „Vestmenn“, „Jörund“ eða „Ljónið gamla“. Hann er þó ólíkari Sigurði, þegar til mannfélagsmálanna almennu kemur. Oss finnst að „Eden“ Þorsteins Erlingssonar sé alt annað ríki en Morgunlönd 19. aldarinnar.

Að rekja skyldleika af búningi einum sömlum, er eitthvað ungbarnalegt. Sá maður á eftir að læra mikið í þessum heimi, sem ekki þekkir kónginn á öðru en buxunum og frakkanum, — svo vér notum Þorsteins orð, — og drotninguna á silkikjólnum.